



Fundargerð

335. fundur fræðsluráðs Reykjaneshæjar, fjarfundur

28. ágúst 2020, kl. 08:15

Viðstaddir: Valgerður Björk Pálsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Andri Örn Víðisson, Íris Ósk Kristjánsdóttir.

Bryndís Jóna Magnúsdóttir fulltrúi skólustjóra grunnskóla, Silja Konráðsdóttir fulltrúi grunnskólakennara, Anita Engley Guðbergsdóttir fulltrúi FFGÍR, Hanna Málmfríður Harðardóttir fulltrúi leikskólustjóra, Anna Lýdía Helgadóttir fulltrúi leikskólakennara, Hanna María Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra leikskólakennara.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðsluviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi, Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Stapaskóli (2019110200)

Helgi Arnarson, sviðsstjóri fræðsluviðs, greindi frá stöðu mála varðandi framkvæmdir og starfsemi við Stapaskóla.

Fræðsluráð óskar nemendum og starfsfólki Stapaskóla og öllum íbúum Reykjaneshæjar til hamingju með glæsilegan skóla.

2. Bréf frá leikskólustjórnendum í Reykjaneshæ (2020070006)

Erindi frá stjórnendum leikskóla í Reykjaneshæ þar sem lýst er yfir áhyggjum af stöðu launamála leiðbeinenda í leikskólum sveitarfélagsins.

Fræðsluráð þakkar leikskólustjórum fyrir bréfið og felur fræðsluviði að taka málið til nánari skoðunar.

3. Sumaropnun leikskóla (2020040008)

Málinu er frestað.

4. Starfsmenn í leikskólakennaranámi (2020080445)

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, leikskólafulltrúi, greindi frá því að nú stunda u.þ.b. 40 starfsmenn í leikskólum í Reykjaneshæ nám í leikskólakennarafræðum.

Fræðsluráð þakkar fyrir kynningu á stöðunni og fagnar þeim fréttum að stór hópur starfsmanna í leikskólum Reykjaneshæjar stundi nú leikskólakennaranám samhliða starfi.



Fræðsluráð hvetur til þess að stutt verði við leikskólana eins og kostur er svo nám þessara aðila gangi sem best samhliða daglegum rekstri leikskóla í Reykjanesbæ.

5. Nýr kjarasamningur Félags leikskólakennara (2020080446)

Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, leikskólafulltrúi, kynnti nýjan kjarasamning Félags leikskólakennara.

6. Umsókn um leyfi til heimakennslu (2020060554)

Haraldur Axel Einarsson, grunnskólafulltrúi, gerði grein fyrir málinu. Umsækjendur uppfylla öll skilyrði sem sett eru. Heimaskóli barnanna er tilbúinn til að vera þjónustuskóli þeirra.

Fræðsluráð samþykkir samhljóða umsóknirnar fyrir skólaárið 2020-2021.

7. Upphaf skólaárs 2020-2021 (2020080447)

Haraldur Axel Einarsson, grunnskólafulltrúi og Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir, leikskólafulltrúi, fóru yfir upplýsingar varðandi upphaf skólaárs. Grunnskólafulltrúi kynnti verkefnið Allir með.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00.